

Garðabær
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 10. mars 2021
UST202010-007/I.M.B.
09.03

Efni: Beiðni um tilnefningu fulltrúa í samstarfshóp vegna undirbúnings friðlýsingar strandlengju Álfтанess

Með erindi, þann 29. september 2020, til Umhverfisstofnunar óskaði Garðabær eftir samstarfi við Umhverfisstofnun um friðlýsingu strandlengju Álfтанess sem er ekki friðlýst nú þegar. Svæðið er á náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem fuglasvæði en það er mikilvægt viðkomusvæði margæsa og rauðbrystings.

Umhverfisstofnun hyggur nú að undirbúningi friðlýsingar svæðisins í samstarfi við Garðabæ og óskar hér með eftir því að Garðabær tilnefni fyrir sitt leyti 1-2 fulltrúa í samstarfshóp sem mun vinna að undirbúningi friðlýsingar svæðisins.

Hlutverk fulltrúa í samstarfshóp er fyrst og fremst að vinna að undirbúningi verkefnisins og miðla upplýsingum milli hópsins og sveitarfélagsins.

Óskað er eftir því að tilnefning berist Umhverfisstofnun fyrir 19. mars n.k.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, ingibjorgb@ust.is, með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur

René Biasone
sérfræðingur